

21. febrúar 2009 | Aðsent efni | 785 orð | 1 mynd

Glámskyggn heimildarýni Hæstaréttar

Tómas Ísleifsson skrifar um dóm Hæstaréttar um eignarhlutföll á Sólheimatorfu í Mýrdal

Tómas Ísleifsson skrifar um dóm Hæstaréttar um eignarhlutföll á Sólheimatorfu í Mýrdal: "Brot Hæstaréttar er stórt að byggja dóm sinn á falsrökum sem eru rekjanleg í málsskjöllum."

Á TÍMUM kreppu eru framkvæmda- og löggjafarvald landsins gagnrýnd fyrir andvaraleysi. Rætt er um að sannleikurinn þurfi að koma í ljós og réttlæti eigi að ríkja. Á þann veg einan getum við skapað velsæld og hamingju. Mörgum er tíðrætt um að þjóðin sé vinnusöm, vandvirk og samviskusöm þannig að upprisa úr niðurlægingunni sé væntanlega innan seilingar.

Þriðja stoð ríkisvaldsins eru dómstólar. Það þarf varla að fjölyrða um gildi þess fyrir þjóð að hafa skilvirkt og réttlátt dómskerfi. Sameiginlega á hið þrískipta ríkisvald að skapa hverjum einstaklingi, þjóðinni, kost á að höndla hamingjuna. Hamingju þjóðar verður að reisa á réttlæti sem byggist á sannleikanum. Stundum orkar tvímælis hvaða leið sé réttlát, en réttlæti getur aldrei byggst á falsrökum og lygum.

Hinn 2. okt. 2008 kvað Hæstiréttur Íslands upp dóm í málinu 610/2007 um eignarhlutföll á Sólheimatorfu í Mýrdal. Lítil hluti þjóðarinnar býr í sveitum landsins þannig að mál þetta hefur ekki með þeim hætti skírskotun til almennings. Okkur kemur hins vegar öllum við hvort æðsti dómstóll þjóðarinnar vinnur af trúmennsku við sannleikann eða gerist þjónn lyginnar. Ef Hæstiréttur byggir dóm í einu máli á falsrökum hvers megum við þá vænta í næsta máli? Í málsskjöllum eru sannanir þess að dómsorð réttarins eru byggð á falsrökum.

Eigendur jarðarinnar Ytri-Sólheima 3 gerðu þá dómkröfu að viðurkennt væri að þau væru eigendur að 25% af óskiptri sameign Sólheimatorfu. Kröfu sína byggðu þau á þinglýstum skjöllum um að jörðin er 25 hndr. að fornu mati og að torfan öll er 100 hundruð forn að dýrleika. Skjöl þessi eru m.a. afsöl, veðsetningar og fasteignamatsgögn.

Á móti dómkröfunni standa eigendur Sólheimahjáleigu sem í 50 ár hafa krafist þess að hjáleigan fengi aukið eignarhlut sinn úr 7,33% í 15,5% á kostnað annarra sameigenda.



Tómas Ísleifsson

Dómstólar túlka landskiptalög á þann veg að aðeins megi skipta landi samkvæmt jarðabók frá 1847 eða síðari jarðabókum. Sækjendur, eigendur Ytri-Sólheima 3 bentu á víðtækar sannanir um eignarhlut forvera sinna og gerðu þá kröfu að viðurkennt væri með dómi að eignarhlutur þeirra væri varinn með eignarréttarákvæðum Stjórnarskrárinnar. Eignir færast frá einni hendi til annarar fyrir arf eða skipti, svo og með kaupmála; kaupum eða gjöf. Ennfremur við eignarnám eða nauðungarsölu. Ekkert af þessu hefur rýrt hlut Ytri-Sólheima 3.

Líklegt er að dómáttar Hæstaréttar hafi talið vandan kost að fallast á dómkröfu stefnenda fyrir þá sök að hún gengi í berhögg við fyrri dóma um landskipti. Sannanir fyrir því að jörð stefnenda er 25 hundruð forn voru hins vegar of víðtækar til þess að þær yrðu virtar að vettugi. Fyrir dómstólnum lá þá að beygja sig fyrir Stjórnarskránni ef ekki dygðu önnur ráð. Og þau ráð dómstólsins voru tvíþætt:

xÍ fyrsta lagi vitna dómáttar í villu í jarðabók Johnsens frá 1847 um að torfan sé skráð 107,5 hndr. árið 1806.

xÍ öðru lagi láta dómáttar að því liggja að jarðamat árið 1685 sé hið forna mat frá 1096.

Þannig telja dómáttarinn að þeir sýni fram á að vafi leiki á að Sólheimatorfa sé 100 hundruð að fornu mati og því sé eignarhlutur stefnenda; 25 hundruð forn, óljós.

Hið forna mat er frá upphafi tíundar á Íslandi árið 1096. Í málsskjöllum er tugur heimilda um að Sólheimatorfa er 100 hundruð að fornu mati. Árið 1685 var skráð jarðamat á Íslandi að boði og með reiknireglu konungs. Í því mati er Sólheimatorfa skráð 120 1/6 H. Í málsgögnum er skýrsla Óbyggðanefndar um Ytri-Sólheima, þar kemur fram að jarðamatið 1685 er ekki hið forna mat. Fyrir niðurstöðu Óbyggðanefndar liggja sagnfræðilegar og lögfræðilegar heimildir.

Danskir embættismenn skráðu dýrleika Sólheimatorfu árið 1806. Skráningin er glögg og kemur þar fram eignarhluti sérhvers eiganda. Heildardýrleiki torfunnar er þar 100 hndr.; „med hjalige“. Frumheimildin er í málsskjöllum. Í fyrrnefndu málsskjali frá Óbyggðanefnd er niðurstaðan sú sama að Sólheimatorfa öll er 100 hndr. að fornu mati árið 1806.

Árið 1847 gaf J. Johnsen út jarðatal. Í formála kemur glöggt fram að Johnsen vinnur jarðabók sína eingöngu upp úr handritum fyrri alda. Formáli Johnsens er í málsgögnum. Það hljómar því falskt þegar Hæstiréttur dregur þá ályktun að jarðabók Johnsens sé örugg heimild, en öll eldri gögn – þau sem hann byggir jarðabókina á – séu ótrúverðug.

Niðurstaða Hæstaréttar gengur í berhögg við fræðistörf Óbyggðanefndar sem hefur rannsóknarskyldu og er dómstólsígildi.

Svo er að sjá að dómáttar Hæstaréttar hafi ekki ómakað sig á að skoða þær heimildir sem þeir byggja dóm sinn á. Brot Hæstaréttar er stórt að byggja dóm sinn á falsrökum sem eru rekjanleg í málsskjöllum. Hvar erum við stödd þegar æðsti dómstóll þjóðarinnar dæmir með rangfærslum eignir af fólki og milljóna málskostnað á hendur því? Er ekki þörf á að endurskoða vinnubrögð dómstóla landsins?

Hæstaréttardómáttarinn Árni Kolbeinsson, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen, Ingibjörg Benediksdóttir og Markús Sigurbjörnsson hafa ekki staðið undir væntingum mínum að verja sannleikann.

Höfundur er líffræðingur.